

# Fréttabréf

viðskafélagsins Þingeyjarvíslinga



# Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er tekin á öskudaginn en þá heimsóttu fjölmörg börn og unglingar Skrifstofu Stéttarfélaganna og sungu fyrir starfsmenn og fengu í staðinn bland í poka. Þrátt fyrir miklar breytingar í þjóðfélaginu á síðustu áratugum hefur þessi skemmtilegi síður haldist og vonandi verður svo áfram. Á myndinni má sjá tvo unga friðsamlega stríðsmenn sem heita Nanna Sigurjónsdóttir og Ólafur E. Ólafsson.

## Kjaramál:

# Gengið frá kjarasamningi

Þann 7. mars s.l. undirrituðu Starfsgreinasamband Íslands og Samtök atvinnulífsins nýjan kjarasamning eftir langa samningalotu. Gildistími samningsins er tæp fjögur ár. Það var mat meirihluta samninganefndar Starfsgreinasambandsins að lengra yrði ekki komist án átaka og töldu því rétt að leggja samninginn fyrir félagsmenn. Að venju má deila um innihald samningsins, þó er ljóst að ýmsir ávinningar hafa náðst sérstaklega í sérmálum einstakra hópa og með nýrri 25 flokka launatöflu hafa menn væntingar um að það leiði hugsanlega til launaskriðs hjá verkafólki. Þá verða atvinnuleysisbætur hækkaðar, fræðslusjóðurinn Landsmennt fær aukið fjármagn til að greiða niður námskeið fyrir félagsmenn og framlög fyrirtækja í lífeyrissjóði starfsmanna hækka úr 6 í 8%. Það sem veldur hins vegar vonbrigðum er að Samtök atvinnulífsins skildu ekki vera tilbúin að hækka laun meira en nýgerðir kjarasamningar bera með sér og útspil ríkisstjórnarinnar sem er langt frá því að vera viðunnandi. Það væri hægt að skrifa langa grein um þær hækkanir sem ýmsir hópar hafa fengið umfram verkafólk á síðustu árum og síðleysið í íslenskum stjórnárum sem endurspegladist í hækkunum á lífeyri alþingismanna og ráðherra í desember. Sú grein verður ekki skrifuð hér. Hins vegar eru þessir kjarasamningar niðurstaða úr mikilli vinnu. Verkalýðshreyfingin hefur sjaldan undirbúið sig eins vel og hún gerði fyrir þessa

samninga. Það er ekki nóg, því meðan atvinnurekendur hafa aðra sýn á velferð og kjör verkafólks verður niðurstaðan önnur en stefnt var að í upphafi. Þetta er sá raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að viðhafa póst- atkvæðagreiðslu um samninginn. Um helmingur félagsmanna starfa eftir samningnum. Það er von félagsins að félagsmenn taki virkan þátt í atkvæðagreiðslunni og greiði atkvæði samkvæmt sinni bestu sannfæringu. Þá er ljóst að ef samningurinn verður felldur má reikna með átökum á vinnumarkaði, það er verkföllum. Rétt er að taka fram að ekki verður talið í sameiginlegum potti aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins. Hvert félag um sig greiðir atkvæði um samninginn og ber ábyrgð á þeirri niðurstöðu. Það er verði samningurinn samþykktur á Húsavík ber atvinnurekendur að greiða eftir honum frá 1. mars, verði hann hins vegar felldur tekur samningurinn ekki gildi og þarf þá að hefja aftur viðræður við atvinnurekendur. Enn og aftur hafi menn spurningar varðandi kjarasamninginn eða fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar endilega hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Aðalsteinn Á. Baldursson

## Kjaramál:

# Helstu upplýsingar

## Sameignarsjóður / séreignarsjóður

Á miðnætti sunnudaginn 7. mars voru nýir kjarasamningar Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins undirritaðir. Samningurinn er til fjögurra ára og heildarlaunahækkun á samningstímanum er 14%. Heildarkostnaðar- áhrif samningsins er 15.7%. Meðal mikilvægustu atriða samningsins er ný launatafla, lífeyrisframlag atvinnurekenda fer í 8% á samningstímanum og fræðslugjald festir fræðslusjóðinn Landsmennt í sessi til framtíðar með 0.15% fræðslusjóðsgjaldi. Slysstryggingar hækka um 40% að lágmarki í upphafi samningstímans. Helstu atriði samningsins fara hér á eftir.

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í sameignarsjóði 7,00% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,00% fast í séreignarsjóði óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 verður iðgjald atvinnurekenda til sameignarsjóðs 8%. Áfram á launamaður rétt á 2% mótramlagi atvinnurekenda í séreignarsjóði ef launamaður sparar sjálfur 2% af launum eða meira.

## Starfsmenntamálið treyst til framtíðar – framlag atvinnurekenda samningsbundið

Með þessum samningum innsigla samningsaðilar þann mikla árangur sem náðist á síðasta samningstímabili í starfsmenntamálu með því að festa starfsmenntasjóði almenns launafólks í sessi til framtíðar. Ásamt áframhaldandi framlagi stjórnvalda til starfsmenntamála, 190 milljónir á samningstímabiliinu, munu atvinnurekendur hefja greiðslur í starfsmenntasjóði á samningstímabiliinu. Með þessu er í fyrsta sinn skotið varanlegum stöðum undir starfsmenntun almenns launafólks til framtíðar. Frá 1. janúar 2006 greiða atvinnurekendur 0,05% í sjóði til fræðslumála og 0,10% til viðbótar frá 1. janúar 2007, þ.e. samtals 0,15% frá þeim tíma. Þá greiða aðildarfélög Starfsgreinasambandsins áfram um 10 milljónir á ári í sjóðinn.

## Menntareikningar – bókun

Ásamt starfsmenntasjóðum skrifuðu aðilar undir bókun um menntareikninga. Með þessari bókun lýsa samningsaðilar sig tilbúna til að vinna að því gagnvart stjórnvöldum að slíkir reikningar fái sömu skattalegu meðferð og séreignasjóðir lífeyrissjóðanna. Sett verður á nefnd samningsaðila sem mun vinna að málinu á samningstímabiliinu. Með þessari bókun er kominn grundvöllur að því að fyrirtæki og launafólk geti tekið málið upp í samningnum sín á milli.

## Hækkun slysstryggingar – a.m.k. 40% hækkun

Slysstryggingar launafólks taka verulegum hækkunum við þessa samningsgerð. Gert er ráð fyrir að farið verði í endurskoðun á slysstryggingarákvæðum með það að markmiði að stórhækka tryggingarvernd starfsmanna. Þessari endurskoðun skal vera lokið fyrir

## Grunnkaup hækkar þannig á samningstímanum

- Almenn launahækkun  
1. mars 2004 3,25%
- Almenn launahækkun  
1. janúar 2005 3,00%
- Almenn launahækkun  
1. janúar 2006 2,50%
- Almenn launahækkun  
1. janúar 2007 2,25%

## Ný launatafla treystir öryggisnetið

Tekin er upp ný 25 flokka launatafla með fimm starfsaldursþrepum. Miklar væntingar eru bundnar við þessa nýju töflu. Taflan gefur möguleika á auknu svigrúmi í launahækkunum og launaskriði.

Við innröðun í töflu var farin sama leið og 1997 við innfærslu á bónusum, yfirborgunum og ýmsum álagsgreiðslum. Sem dæmi er í fiskvinnslunni fært inn í taxtakerfið í tveimur áföngum, tvisvar sinnum 15% af bónus þó að hámarki 30 krónur í hvert sinn. Það er við undirskrift og aftur 1. janúar 2006. Í öðrum tilvikum getur t.d. verið um að ræða innfærslu fæðisgjalds. Markmiðið með þessari leið var að færa taxa nær greiddu kaup og hækka dagvinnulaun. Þá hækka lægstu laun umtalsvert. Sameiginlegt mat samningsaðila á kostnaðaráhrifum innfærslu í launatöflu er að frá undirritun samnings sé kostnaður 1,00% og aftur 1,00% hinn 1. janúar 2006.

## Tekjutrygging

Tekjutrygging hækkar á samningstímanum. Tekjutrygging fyrir fulla dagvinnu verður frá gildistöku samnings kr. 100.000 á mánuði (var kr. 93.000,-), árið 2005 kr. 103.500, árið 2006 kr. 106.000 og árið 2007 kr. 108.000.

15. júní 2004.

Að lágmarki munu slysa-tryggingar samkvæmt samningum hækka um 40%.

### Uppsagnarfrestur samræmdur og einfaldaður

Samkvæmt samningnum verður uppsagnarfrestur og einfaldaður til mikilla muna. Þannig mun allt verkafólk hafa uppsagnarfrest samkvæmt einni einfaldri reglu: Eftir tveggja vikna samfellt starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnarfrestur 12 almanaksdagar. Eftir þriggja mánaða samfellt starf er uppsagnarfrestur 1 mánuður miðað við mánaðamót og eftir þriggja ára samfellt starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnarfrestur 3 mánuðir miðað við mánaðamót en áður tók 5 ár að ávinna sér þennan rétt.

### Desemberuppbót

Desemberuppbót verður kr. 38.500 árið 2004, kr. 39.700 árið 2005, kr. 40.700 árið 2006 og kr. 41.800 árið 2007.

### Orlofsuppbót

Orlofsuppbót verður kr. 21.100 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2004, kr. 21.800 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005, kr. 22.400 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006 og kr. 23.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007.

### Tilflutningur á fimmtudagsfrídögum samkvæmt fyrirtækjapætti

Samkvæmt samningnum er heimilt að semja svo um á vinnustað að samningsbundin frí sem lenda á fimmtudögum (uppstigningadagur og sumardagurinn fyrsti) verði færð á föstudag eða mánudag. Um þetta verði samið á hverjum vinnustað.

### Mæðraskoðun á vinnutíma

Í samningnum er staðfest að barnshafandi konur skuli eiga rétt á nauðsynlegum fríum vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

### Atvinnuleysisbætur hækka

Með samningnum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er staðfest að atvinnuleysisbætur hækki strax frá 1. mars í kr. 88.767 en hækki síðan um 3% 1. janúar 2005, og 2,5% frá 1. janúar 2006, og 2,25% frá 1. janúar 2007. Í lok samningstímans verða atvinnuleysisbætur orðnar 95.825,-

### Bókun um skerðingu á lágmarkshvöld

Í kjarasamningi er kveðið á um frítökurétt fari hvíld niður fyrir 11 klst. Samningsaðilar eru sammála um að sú regla gildi einnig fari hvíld niður fyrir 8 klst. í undantekningartilvikum.

### Laun ungmenna

Framvegis skal aldursþrep ungmenna (starfsmanna undir 18 ára aldri) miðast við fæðingarár.

### Samningsforsendur og gildistími

Samningurinn gildir frá 1. mars 2004 til 31. desember 2007. Hann er uppsegjanlegur fyrir 10. desember 2005 og 2006. Forsendur samninganna eru tvær. Annars vegar að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþétt Seðlabanka Íslands en hins vegar að sú launastefna og þær kostnaðarhækkningar sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra í samningagerð á vinnu- markaði.

### Kjaramál:

## Hverjir mega greiða atkvæði

Eftirfarandi hópar og starfsfólk eftirtalinnna fyrirtækja hafa rétt til að greiða atkvæði um samninginn, rétt er að taka fram að þessi listi er ekki tæmandi;

Fiskdýjusamlag Húsavíkur, Íshaf hf., GPG-Fiskverkun, Laugafiskur, Skipaafgreiðsla Húsavíkur, Allí Geira hf., Norðurlax, Laxeldið Haukamýri, Norðlenska, Búbót,

starfsfólk á hótél- og veitingastöðum, fiskeldisfræðingar, bensínafgreiðslufólk, hópferðabílstjórar, olíubílstjórar, mjólkurbílstjórar, tækjastjórnendur, byggingaverkamenn, iðnverkfólk, starfsfólk við sauðfjárslátrun, ræstingarfólk það er annað en það sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum.

### Kjaramál:

## Vantar þig kjörgögn!

Þeir félagsmenn sem telja sig hafa kjörgengi og ekki hafa fengið kjörgögn eru vinsamlegast beðin

um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst.

### Kjaramál:

## Atkvæðagreiðsla hafin um nýgerðan kjarasamning

Póstatkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning er hafin hjá Verkalýðsfélaga Húsavíkur og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér atkvæðisréttinn með því að taka þátt í afgreiðslu kjarasamningsins. Atkvæðaseðlum á að skila til Skrifstofu stéttarfélaganna eða á næsta pósthús. Atkvæði þurfa að hafa borist fyrir kl. 12:00 á hádegi

föstudaginn 26. mars 2004. Skrifstofan er opin frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga, opið er í hádegjunum. Taling fer fram þegar kjörstað hefur verið lokað 26. mars.

Þess má geta að VH hélt kynningarfund um nýja samninginn síðasta sunnudag í fundarsal félagsins.

### Kjaramál:

## VÖ fundar með sínu fólki

Í þessari viku eru fyrirhugaðir fundir um kjaramál með félagsmönnum Verkalýðsfélags Öxarfjarðar. Til stendur að ganga frá sérsamningum við Rifós, Silfurstjórnuna og Fjallalamb. Þá stendur jafnframt til að halda félagsfund um kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Sá fundur verður auglýstur síðar sem og atkvæðagreiðsla sem fram fer um sérsamninga félagsins og nýgerðan kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands.



Kjaramál til umræðu hjá VÖ.

### Kjaramál:

## Kynningarfundur á Þórshöfn

Kynningarfundur um nýgerðan kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands verður í Félagsheimilinu Þórsværi miðvikudaginn 17. mars kl. 20:00. Aðalsteinn Á. Baldursson kemur og kynni samninginn. Að loknum fundinum hefst atkvæðagreiðsla um samninginn sem stendur til kl. 12:00 á hádegi, þriðjudaginn 23. mars 2004. Atkvæðagreiðslan fer fram á Skrifstofu félagsins. Félagsmenn geta fengið samninginn á skrifstofu félagsins á Þórshöfn.



Þessar tvær myndarlegu stúlkur vinna í Sölu-skálanum á Þórshöfn, þær þetta Sandra Ösp Konráðsdóttir og Fjöla Katrín Steinsdóttir.



Kjörkassinn innsiglaður. Eins og fram kemur í Fréttabréfinu stendur yfir atkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning. Svo allt sé löglegt var lögreglan á Húsavík fengin til að innsigla kjörkassann sem komið befur verið fyrir á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Lögreglumennirnir á myndinni eru Hreiðar Hreiðarsson og Skarphéðinn Aðalsteinsson.

## Orlofsmál:

# Orlofshús, íbúðir, vagnar og hótél

## -fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

### Áframhald á góðu samstarfi

Sameiginleg orlofsnefnd Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Starfsmannafélags Húsavíkur, Þingeyjar, Verkalýðsfélags Öxarfjarðar og Verkalýðsfélags Þórshafnar telur góða reynslu af samstarfi stéttarfélaganna í orlofsmálum. Vegna samstarfsins bjóðast félagsmönnum fleiri og fjölbreyttari orlofskostir en ella.

Á árinu verða í boði orlofshús, íbúðir, fellihýsi, tjaldvagnar og gistiávisanir í Edduhótel og Farfluglaheimili. Framboð verður sambærilegt og á síðasta ári. Nýir kostir sem boðið verður upp á eru nýtt orlofshús á norðanverðu Snæfellsnesi 3 km. frá Grundarfirði (Hálsaból), nýtt sumarhús í Grímsnesi (Útgarður) og gistiávisanir á Farfluglaheimili.

Sú þróun hefur verið síðustu ár að áhugi félagsmanna í orlofshús á Norðurlandi (Öxarfirði, Illugastöðum og Akureyri) yfir háannatímamann hefur minnkað, en aukist að sama skapi á öðrum stöðum. Því verða þessi hús áfram í leiguskiptum við hús á suður- og austurlandi.

### Sumarhús og íbúðir

Í sumar er boðið upp á sumarhús og íbúðir á eftirtöldum stöðum:



**Illugastaðir Fnjóskadal**  
2 svefnherb. og svefnsofi

• Orlofsbyggðinni Illugastöðum Fnjóskadal, nýtt orlofshús með tveimur svefnherbergjum. Illugastaðir eru vel í sveit settir í nágrenni Húsavíkur. Í byggðinni er góð aðstaða fyrir börn og sundlaug. (Ekki í boði 18/6-13/8 vegna leiguskipta)



**Einarsstaðir Héraði**  
3 svefnherb.



**Eiðar á Héraði**  
3 svefnherb.

• Orlofsbyggðinni Eiðum á Héraði, rétt norðan Egilsstaða. Sumarhús með þremur svefnherbergjum og aðgangi að báti á Eiðavatni.



**Klifabotni í Lóni**  
3 svefnh.

• Klifabotni í Lóni, rétt austan Hafnar í Hornafirði. Sumarhús með þremur svefnherbergjum.



**Flúðasel á Flúðum**  
3 svefnherb. / Heitur pottur

• Flúðasel, við Flúði. Sumarhús með þremur herbergjum og heitum potti.



**Mörk Grímsnesi**  
3 svefnherb. / Heitur pottur

• Mörk Grímsnesi, við Álfvatn. Sumarhús með þremur svefnherbergjum og heitum potti.



**Útgarður Grímsnesi**  
2 svefnherb. + svefnsofi / H.pott.

• Útgarði Grímsnesi. Nýtt 70 m<sup>2</sup> sumarhús með svefnlofti og heitum potti.



**Ölfusborgir**

3 svefnherb. + svefnsofi / H.pott.

• Orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Sumarhúsið er með þremur svefnherbergjum og heitum potti.



**Freyjugata 10 Reykjav.**

Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.  
Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.  
Íbúð 3: Stúdíóíbúð

• Freyjugötu í Reykjavík. Þrjár misstórar orlofsíbúðir með einu til tveimur svefnherbergjum.



**Munaðarnes**

3 svefnherb. / heitur pottur

• Orlofsbyggðinni Munaðarnesi Borgarfirði. Tvö sumarhús með þremur svefnherbergjum með heitum potti. Í orlofsbyggðinni er góð aðstaða, s.s. leiktæki fyrir börn og þjónustumiðstöð.



**Hálsabóli v/Grundarfj.**  
2 svefnherb. + svefnsofi í stofu

• Hálsabóli á Snæfellsnesi. Nýtt sumarhús í nágrenni við Grundarfjörð.



**Alviðra Dýrafirði**

2 svefnherb. + svefnsofi í stofu

• Alviðru í Dýrafirði. Eldra íbúðarhús með tveimur svefnherbergjum.



**Kjarnaskógur við Akureyri**  
3 svefnherb.


• Kjarnaskógi við Akureyri. Sumarhús með þremur svefnherbergjum og heitum potti (Ekki í boði 27/6-1/8 vegna leiguskipta).



**Dranghólaskógur Öxarf.**  
3 svefnherb.

• Dranghólaskógi í Öxarfirði. Sumarhús með þrem svefnherbergjum. (Ekki í boði 4/6-20/8 vegna leiguskipta).

Sumarhús og íbúðir eru leiðar viku í senn frá föstudegi. Íbúðirnar í Reykjavík eru jafnframt leiðar frá degi til dags, þegar ekki eru umsækjendur um vikuleigu. Vikuleiga fyrir íbúðir í Reykjavík og sumarhús er kr. 12.500 fyrir vikuna á tímabilinu 11. júní til 20. ágúst en kr. 11.000 vikuleiga fyrir sumarhús utan þess tíma.



### Gisting á Edduhótelunum

Félagsmönnum býðst gisting á Edduhótelum á góðu verði. Þau eru staðsett á Laugarvatni, Skógum Eyjafjöllum, Nesjaskóla við Höfn, Egilsstöðum, Eiðum, Stórutjörnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Ísafirði, Núpi Dýrafirði og Laugum Sælingsdal Dalasýslu.



#### Eddu hótel

Fjölskyldan gistir fyrir kr. 3.500,- pr. nótt.

Félagsmenn kaupa, á Skrifstofu stéttarfélaganna, gistiávisun fyrir uppþúð tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelid leggur til dýnur. Verð fyrir gistinóttina fyrir fjölskylduna er kr. 3.500. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er á þessari tegund gistingar hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.

### Gisting í Farfuglaheimilum

Í ár verður sú nýbreytni tekin upp að bjóða félagsmönnum gistiávisanir sem gilda á 25 farfuglaheimilum sem staðsett eru um allt land, sjá [www.hostel.is](http://www.hostel.is). Gisting á

farfuglaheimilum er vinsæll og ódýr gisting. Þeir sem kjósa þannig gistingu fá aðgang að rúmi, sæng og koddar, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Viða er hægt að kaupa morgunverð og leigja sængurföt. Þeir sem vilja fá sér herbergi fyrir sig greiða yfirleitt aukagjald.

Þessi gisting býðst félagsmönnum á kr. 1.000 nóttin fyrir fullorðna, börn 0-4 ára fá frítt en 5-12 ára greiða hálf gjald. Gistiávisanirnar eru seldar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Allar nánari upplýsingar um farfuglaheimilin er hægt að nálgast á heimasíðu þeirra [www.hostel.is](http://www.hostel.is) eða skrifstofu Bandalags íslenskra farfugla 553-8110.

### Fellihýsi og tjaldvagnar

Með samningi við Tjaldvagnaleigu Agnars Kára Sævarssonar á Húsavík býðst félagsmönnum að leigja fellihýsi og tjaldvagna. Vagnarnir eru leigðir viku í senn frá



**Tjaldvagnar**  
Svefnstæði fyrir 4  
Gashella og gashitari

fimmtudegi. Utan háannatímans (fyrir 17/6 og eftir 12/8) eru þeir einnig leigðir í styttri leigu, t.d. um helgi.

Fellihýsin og tjaldvagnarnir eru allir nýir eða nýlegir. Þeir eru leigðir



**Fellihýsi**  
Svefnstæði fyrir 6  
Gashellur / Gas-/rafmíðstöð



Farfuglaheimili á 25 stöðum um landið.

með gasi og tjaldvögnunum fylgir gashella, gashitari, stólar og borð.

Vikuleiga fyrir fellihýsi er kr. 12.500 og fyrir tjaldvagna kr. 11.000 til félagsmanna sem leigja þá fyrir 20. apríl n.k., en kr. 18.500 og kr. 17.000 séu þeir leigðir eftir þann tíma.

### Stéttarfélagafargjöld

Samið hefur verið við ferðaþjónustuaðila um stéttarfélagafargjöld fyrir sumarið 2004. Í boði eru afsláttarfarfuglaheimili hjá eftirtöldum aðilum:

#### Flugfélag Íslands hf. innanlandsflug.

Stéttarfélagafargjald kr. 5.315 aðra leiðina og kr. 10.630 báðar leiðir, flugvallaskattur er innifalinn í verði. Bóka þarf flug með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara á sölustöðum flugfélagsins í síma 570-3030 eða 460-7000. Framboð af þessum fargjöldum er misjafnt eftir tímabilum.

#### S.B.A. Norðurleið, rútuferðir.

Félagsmenn og fjölskyldur þeirra fá 25% afslátt af áætlunarferðum fyrirtækisins ef keypt og greitt er fyrir ferðalag fram og til baka. Bókanir fara fram hjá fyrirtækinu sjálfu í síma 462-4442 eða hjá bílstjórnunum við brottfö.

### Sumar, vetur, vor og haust

Eftirspurn eftir orlofshúsum og íbúðum er mest yfir aðalorlofstímamann júní, júlí og ágúst. Mörg þeirra húsa og íbúða sem félögin bjóða upp á er einnig hægt að leigja utan aðalorlofstímans, s.s. á Illugastöðum, Öxarfirði, Einarstöðum, Eiðum, Munaðarnesi og í Reykjavík. Orlofshús Verkalýðsfélags Þórshafnar í Kjarnaskógi við Akureyri er leigt út allt árið og annast Verkalýðsfélag Þórshafnar útleigu utan sumarorlofstímans sími 468-1160.

### Umsóknarfrestur

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimasíðu félaganna [www.vh.is](http://www.vh.is). Umsóknun skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 13. apríl nk. þar sem allar frekari upplýsingar eru veittar, síminn er 464-6600 og fax 464-6601.

*Gledilegt sumar!!*



**Kjaramál:**

# Sérkjarasamningar

Til viðbótar við aðalkjarasamning voru gerðir fjölmargir sérkjarasamningar þar sem tekið er á sérmálum viðkomandi starfsgreinar eða vinnustaðar. Hér koma nokkur dæmi um launaflokka og önnur atriði sem varða sérmál einstakra hópa:

**Hjólbarðaverkstæði:**

Starfsmenn á smurstöðvum, ryðvarnarskálum og hjólbarðaverkstæðum raðast í 3. launaflokk við undirskrift og hækka sérstaklega í 6. launaflokk 1. janúar 2006, það er umfram almennar launa-hækkanir.

**Tækja- og bifreiðastjórnendur:**

Tækjastjórnendur I raðast í 7. launaflokk við undirskrift og í 10. launaflokk 1. janúar 2006. (Hér er átt við stjórnendur lyftara með allt að 25 tonna lyftigetu, m.v. 0,6 m hlasmjöðu, sem lokið hafa áskýldu grunnnámskeiði skv. reglum nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Stjórnendur vörubifreiða 10-32 tonn). Tækjastjórnendur II raðast í 12. launaflokk við undirskrift og í 13. launaflokk 1. janúar 2006. (Hér er átt við stjórnendur vinnuvéla með fyllstu réttindi, mikla starfsreynslu hjá viðkomandi fyrirtæki, við vinnu á stærstu tækjum og/eða hlutdeild í stjórnun. Stjórnendur dráttarbíla. Bifreiðastjórnendur sem annast fermingu og affermingu bifreiða, sem flytja sekkjavöru s.s. fóður, sement, áburð og olíu. Bifreiðastjórnendur með tengivagna sem annast fermingu og affermingu bifreiðar og tengivagns).

*Flutningabifreiðar með svefn-aðstöðu*

Flutningabifreiðar með svefn-aðstöðu, sem eru í reglubundnum langferðum, skulu útbúnar olíumiðstöð, enda megi telja að öku- maður þurfi að nýta aðstöðuna til lengri hvíldar.

**Bókun um málefni tækjamanna og bifreiðastjóra**

Samningsaðilar munu setja á fót umræðuhóp til að ræða bótaskyldu bifreiðastjóra og tækjamanna vegna tjóns sem þeir valda og fara almennt yfir þeirra tryggingamál.

**Hópbifreiðastjórnendur:**

Hópbifreiðastjórnendur raðast í 14. launaflokk við undirskrift og hækka í 17. launaflokk 1. janúar 2006.

**Mjólkurbílstjórnendur:**

Mjólkurbílstjórnendur raðast í launaflokk 11, enda hverfi skiptivaktar-álagið inn í taxtana.

**Sauðfjárslátrun:**

Starfsmenn við sauðfjárslátrun verða í þremur eftirfarandi flokkum: Launaflokkur 1 (Almennir starfsmenn í sláturhúsum).

Launaflokkur 3 (Vinna slátrara (skotmanna, skurðarborðsmanna, fyrri- og seinni slátrara, fláningsmanna, innanúrtökumanna), og vinna við gortæmingu á vömbum, matræðskona, vinna í frystiklefum og við flutning á kjöti úr eða í frystiklefa).

Launaflokkur 4 (Slátrara með próf frá Hróarskeldu eða sem lokið hafa sambærilegu námi á Íslandi).



*Bókun um verktakastarfsemi*  
Samningsaðilar telja mikilvægt að yfirlýsing um verktakastarfsemi í aðalkjarasamningi aðila verði tekin til skoðunar með það að markmiði að settar verði skýrar reglur og skilgreiningar á stöðu launþega annars vegar og verktaka og atvinnurekenda hins vegar.

**Fiskeldisfræðingar:**

Fiskeldisfræðingar sem lokið hafa námi frá Hólaskóla skulu taka laun samkvæmt launaflokki 14 við undirskrift og hækka í launaflokk 17, 1. janúar 2006. Varðandi starfsfólk í fiskeldi var búinn til nýr námskeiðskafli sem tryggir starfsmönnum 36 stunda námskeið. Þá var tekið sérstaklega á öryggis-

málum starfsfólks sem vinnur við fiskeldi.

**Fiskvinnslufólk:**

Fiskvinnslufólk raðast í tvo flokka. Almennir starfsmenn raðast í launaflokk 1 og Sérhæfðir fisk-



vinnslumenn raðast í launaflokk 4. Þann 1. janúar 2006 raðast almennir starfsmenn í fiskvinnslu í launaflokk 5 og Sérhæft fiskvinnslufólk í launaflokk 7. Laun ungmenna í bónusvinnu skulu taka laun m.v. byrjunarlaun 18 ára. Nú á fiskvinnslufólk rétt á kauptryggingarsamningi eftir einn mánuð í stað tveggja áður. Fatapeningar í fiskvinnslu hækka til samræmis við launabreytingar á samnings- tímanum.

Við undirskrift færast 15% af kaupaukanum inn í tímakaup viðkomandi þó að hámarki 30 krónur per klukkustund. Þessi tilfærsla kemur aftur til 1. janúar 2006. Tryggt skal að enginn starfsmaður í fiskvinnslu taki lægri laun vegna millifærslu úr hverskonar bónus og álagsgreiðslum í taxtakaup, en sem nemur umsamdri almennri launahækkun á gildistíma samnings þessa. Reiknitölur í kaupauka skulu hækka 1. janúar 2005, 1. janúar 2006 og 1. janúar 2007 til samræmis við almennar launahækkanir. Í samningnum er kveðið á um skyldur atvinnurekenda varðandi heim- sendingar starfsfólks vegna hraefnisskorts (4 vikna reglan). Framvegis geta starfsmenn rift ráðningarsamningi við fyrirtæki eftir 5 vikur í hraefnisskorti og þá þurfa fyrirtæki sem stoppa lengur en í 8



vikur samfellt að tilkynna starfsmönnum formlega um framtíðar- áform fyrirtækisins. Samningsaðilar eru sammála um að taka reiknitölur í hóplaunakerfum í fiskvinnslu til skoðunar fyrir 1. janúar 2006 með það að markmiði að frá þeim tíma verði þær samræmdar og ein reiknitala gildi þá um land allt í stað tveggja sem nú eru í gildi. Því miður hefur aðeins borið á því að fyrirtæki í fiskvinnslu hafi brotið ákvæði um hvíldartíma starfsmanna með því að láta þá vinna um helgar án þess að þeir hafi fengið frí á launum í staðinn. Samtök atvinnulífsins höfðu skilning á þessum athugasemdom og samþykktu að senda öllum aðildarfyrirtækjum bréf og óska eftir að fyrirtækin virði reglur um hvíldartíma.

**Iðnverkfólk:**

Almennt iðnverkfólk raðast í launaflokk 2 og færast í launaflokk 3, 1. janúar 2006. Sérhæft iðnverkfólk sem unnið getur sjálfstætt og fela má tímabundna verkefnastjórn skal raðast í launaflokk 4 og færast síðan í launaflokk 6, 1. janúar 2006. Nokkrar breytingar voru



gerðar á réttindamállum iðnverkfólks er varðar s.s. öryggisskó og ákvæðisvinnu. Þá er samið um að ákvæðisvinna sé því aðeins heimil, að iðnrekandi hafi náð um það samkomulagi við starfsfólk sitt og sé viðkomandi stéttarfélagi og Samtökum atvinnulífsins tilkynnt um samkomulagið.

**Bensínafgreiðslufólk:**

Starfsmenn sem sinna úti- störfum og afgreiðslu á bensínafgreiðslustöðum skulu raðast í launaflokk 4. Þann 1. janúar 2006 skulu þeir hækka sérstaklega upp í launaflokk 6. Starfsmenn á bensínafgreiðslustöðum sem jafnhliða sinna úti- og kassastörfum og vinna að staðaldri hluta hversrar vaktar við afgreiðslustörf í verslun og á kassa skulu raðast í 5 launaflokk. Þann 1. janúar skulu þeir hækka sérstaklega í launaflokk 7. Vaktstjórnar (kassamenn) sem sérstaklega eru ráðnir sem umsjónarmenn á vakt auk þess að sinna sölu og kassastörfum skulu



raðast í launaflokk 6. Þann 1. janúar 2006 skulu þeir hækka sérstaklega í launaflokk 9.

### Starfsfólk á hótél- og veitingastöðum:

Starfsfólk í tilfallandi vinnu (Ekki vaktavinnu) raðast í launaflokk 1. Almennir starfsmenn raðast í 4. launaflokk. Sérþjálfaðir starfsmenn hótela og veitingahúsa, sem geta unnið sjálfstætt, sýna frumkvæði og fela má tímabundna verkefnastjórn skulu raðast í launaflokk 5. Starfsmenn sem ráðnir eru til stjórnunarstarfa skulu taka 15% hærri laun en ofangreindir launaflokkar segja til



um. Skipulagðar vaktir mega nú vera í þrjú til tólf tíma. Réttur starfsfólks til vinnufatnaðar er aukinn: Starfsfólk skal ávallt vera hreint og snyrtilegt til fara. Sé þess óskað að starfsfólk klæðist sérstökum vinnufatnaði, ákveðnum lit eða gerð fatnaðar, skal vinnuveitandi leggja slíkan fatnað til eftir þörfum, starfsfólki að kostnaðarlausu. Skal hann vera eign vinnuveitanda og eingöngu notaður í vinnutíma. Þó nokkrar smávægilegar breytingar voru gerðar á kjarasamningi starfsfólks á hótél- og veitingastöðum. Þeim sem vilja kynna sér þau betur er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

### Starfsfólk við ræstingar:

Starfsfólk við ræstingar raðast í launaflokk 2. Samkomulag er um að ræstingartaxtar hækki mun meira en aðrir taxtar þar sem laun ræstingarfólks hafa dregist aftur úr öðrum hópum. Þannig hækka laun ræstingarfólks um 21% á samningstímanum. Það er 5,25% við undirskrift, um 5% 1. janúar 2005, um 4,50% 1. janúar 2006 og um 4,25% 1. janúar 2007.

Þess má geta að gerðar voru nokkrar breytingar á sérmálum ræstingarfólks sem hægt er að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þá var gerð bókun um starfsmenntun ræstingarfólks.

**Rétt er að taka skýrt fram að hér eru aðeins nefnd helstu atriði úr sérmálum einstakra hópa. Hægt er að fá heildarpakkann á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar er einnig hægt að fá frekari upplýsingar um innihald samningsins.**

### Kjaramál:

## Ekki allir ánægðir með nýja samninginn

Samninganefnd Starfsgreinasambandsins var klofin í afstöðu sinni til þess hvort ganga ætti frá samningnum og leggja hann fyrir félagsmenn eða ekki. Í samninganefnd Starfsgreinasambandsins eru allir formenn aðildarfélaga

sambandsins. 21 greiddu atkvæði, þar af sögðu 12 já, nei sögðu 8 og einn skilaði auðu. Meirihluti var því fyrir því að leggja samninginn fyrir félagsmenn aðildarfélaga sambandsins.

### Kjaramál:

## Laufey Jónsdóttir formaður

Kjörstjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur tekið til starfa og mun stjórna póstatkvæðagreiðslu um nýja kjarasamninginn. Á síðasta fundi stjórnar og trúnaðarmanna-

ráðs félagsins var Laufey Jónsdóttir tilnefnd sem formaður kjörstjórnar. Með henni í kjörstjórn eru Sveinn Pálsson og Þórður Adamsson.

### Félagsmál:

## Tímamót í starfsmenntun



Höfðinginn á Fjöllum, Guðmundur Héðinsson, tók við viðurkenningarskjali úr böndum Aðalsteins Á. Baldurssonar. Þess má geta að Guðmundur befur lengstan starfsferil í fiskeldi á svæðinu en síðastliðið sumar voru 25 ár síðan hann hóf störf við fiskeldi. Þá kom fyrsti laxinn í Lónin, en það var Fiskifélag Íslands sem hóf þar tilraunarekstur. Fyrstu árin voru þar í ræktun nokkur þúsund laxar, en í dag er ársframleiðsla Rifóss um 500 tonn. Á milli þeirra á myndinni er Arnar Sigurmundsson formaður Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar.

Fyrsta 36 stunda námskeiði sem sérstaklega er ætlað starfsmönnum í fiskeldi var slitið með viðeigandi hætti í Skúlagarði 26. febrúar. Alls luku 37 einstaklingar námskeiðinu frá Silfurstjórnunni, Rifós, Fiskeldinu Haukamýri og Norðurlaxi. Arnar Sigurmundsson formaður Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar sagði við það tækifæri að hann hefði oft verið við slit á námskeiðum fyrir fiskvinnslufólk og nú vilði svo skemmtilega til að hann væri að afhenda á þessu námskeiði

þúsundasta viðurkenningarskjalið. Það væri við hæfi að afhenda það á fyrsta námskeiði sem sérstaklega væri haldið fyrir starfsfólk í fiskeldi á Íslandi. Það var Bára Siguróladóttir sem hlaut þann sess. Bára starfar hjá Rifós í Kelduhverfi. Þeir sem stóðu að námskeiðinu voru Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Öxarfjarðar ásamt fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu. Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar kostaði og skipulagði námskeiðið í samvinnu við heimamenn.



Loðnvertíðin befur verið í fullum gangi á Þórsböfn undanfarnar vikur og mjög mikil vinna verið. Á myndinni er Vignir Arason frá Hvammi að jafna í brognakari en frýsting á loðnubrognum er bafin fyrir skömmu.

### Félagsmál:

## VH styrkir kór eldri borgara

Sólseturskórinn, kór eldri borgara, gaf nýlega út geisladisk með 18 lögum í tilefni af 10 ára starfsafmæli kórsins. Verkalýðsfélag Húsavíkur styrkti verkefnið um kr. 30.000,-. Stjórnandi kórsins er Benedikt Helgason, meðleikari er Björg Friðriksdóttir og formaður

kórsins er Gunnar Valdimarsson. Að sögn Gunnars er kórstarfið öflugt og framundan er kóramót eldri borgara á Norðurlandi. Mótíð verður haldið á Siglufirði 8. maí. Fréttabréfið hvetur fólk til að kaupa þennan vandaða disk með falletum íslenskum textum.

## Félagsmál: Formannsskipti hjá VP

Kristín Kristjánsdóttir á Syðri-Brekkum hefur verið starfsmaður á skrifstofu Verkalýðsfélags Þórshafnar síðan í september 2001 og er formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks hjá VP og hún er því orðin kunnug starfsemi félagsins. Kristín er tilbúin að taka að sér formennsku í Verkalýðsfélagi Þórshafnar á næsta aðalfundi félagsins sem verður haldinn í vor en Karen Rut Konráðsdóttir, sem hefur verið formaður frá árinu 1998 gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Kristín á mörg ár að baki sem almennur félagismaður í verkalýðs-

félaginu og á enn sitt gamla skírteini, þar sem hún er félagismaður nr. 203 frá árinu 1975.

Kristín segir marga góða féлага sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið og gott sé að vinna í þeirra hópi. Verkalýðsfélag Þórshafnar er einnig með þjónustusamning við Verkalýðsfélag Húsavíkur og hefur það samstarf gefist vel og styrkt félagið.

Formannsstarfinu mun Kristín reyna að sinna af trúmennsku með aðstoð góðra manna og lítur björtum augum til starfsins á komandi vori.



Kristín Kristjánsdóttir hefur gefið kost á sér sem næsti formaður VP.

## Orlofsmál

Þann 4. mars sl. var haldinn stofnfundur Félags orlofshúsa-eigenda í Kjarnaskógi. Að sögn Karenar Konráðsdóttur var vel mætt og mikill hugur í fólki varðandi úrbætur í hverfinu. Helstu mál nýrrar stjórnar félagsins verða sorpmál, snjómokstur, merkingar og skilti og lagfæring götunnar en hún er mjög holótt og leiðinleg í rigningu. Verkalýðsfélag Þórshafnar fagnar stofnun þessa félags þar sem ýmis vandamál hafa komið upp undanfarin ár og þá aðallega varðandi losun á sorpi og snjómokstur, þessi mál ættu nú að vera úr sögunni.



Á öskudaginn mættu að venju binar ýmsu persónur á leikskólann á Þórsböfn, þar ber belst að nefna Linu langsókk, prinsessur, bangsa, kanínur, lögregluþjóna og Batman. Var svo baldið af stað í fyrirtæki bæjarins og sungið af hjartans list í skeiptum fyrir góðgæti.



### Reglulegur sparnaður

Með reglulegum sparnaði getur þú lagt fyrir til lengri eða skemmi tíma og byggt þannig upp sparnað á einfaldan og þægilegan hátt.

Íslandsbanki býður fjölbreytt úrval reikninga auk innlendra og erlendra verðbréfasjóða.

FRAMTÍÐARREIKNINGUR

SPARILEIDIR

VERÐBRÉFASJÓDIR

ÍSLANDBANKI | Hvar sem þú ert





# Umsókn um orlofshús, orlofsíbúðir og fellihýsi

**Umsækjandi:** Nafn: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Póstnúmer: \_\_\_\_\_

Sveitarfélag: \_\_\_\_\_

Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími / Farsími: \_\_\_\_\_

Dags.: \_\_\_\_\_

**Áður fengið orlofshús:**  Já síðast árið \_\_\_\_\_  
 Nei

**Stéttarfélag:**  Verkalýðsfélag Húsavíkur  
 Verkalýðsfélag Öxarfjarðar  
 Verkalýðsfélag Þórshafnar  
 Verslunarmannafélag Húsavíkur  
 Starfsmannafélag Húsavíkur  
 Þingið

**Sótt er um:**  Orlofshús Illugastöðum  
 Orlofshús Dranghólaskógi, Öx. v/ Lund  
 Orlofshús Einarstöðum á Héraði  
 Orlofshús Flúðasel, Flúðum  
 Orlofshús Klifabotni, Lóni v/ Höfn  
 Orlofshús Útgarður, Grímsnesi  
 Orlofsíbúðir Freyjugötu, Reykjavík  
 Orlofsíbúð Alviðru, Dýrafirði  
 Orlofsíbúð Sólheimum, Reykjavík (félagsm. S.T.H.)  
 Orlofshús Kjarnaskógi, Eyjafirði  
 Orlofshús Eiðum, Héraði  
 Orlofshúsið Mörk, Grímsnesi  
 Orlofshús Munaðarnesi, Borgarfirði  
 Orlofshús Hálsabóli við Grundarfjörð  
 Gistiávisun á Hótel Eddu (seldar í allt sumar)  
 Gistiávisun á Farfuglaheimili (seldar í allt sumar)  
 Fellihýsi  
 Tjaldvagn

**Sótt er um tímabilið:** \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ 2004

**Tímabil til vara:** \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ 2004

**Annað:** \_\_\_\_\_